KRON AUGLÝSIR KRON

WINNER TRYGGIR VÖRUGÆÐI

Vörur með WINNER merki eru frá sænsku samvinnufélögunum, framleiddar undir ströngu gæðaeftirliti.

| | | |
|---|---|---|
| WINNER appelsínumarmelaði | kr. | 23,90 ds. |
| WINNER jarðarberjamarmelaði | — | 24,80 — |
| WINNER eplamauk | — | 21,70 — |
| WINNER rauðrófur | — | 23,60 — |
| WINNER agúrkusalat | — | 29,30 — |
| WINNER appelsínusafi, blandist í 4 lítra | — | 30,85 fl. |
| WINNER appelsínudrykkur, blandist í 6 lítra | — | 21,70 — |

WINNER vörur fást í næstu KRON-búð.

VERZLIÐ Í KRON

DAS DAS DAS

DREGIÐ Í 1 FLOKKI Á *miðvikud.* UM 300 STÓRVINNINGA M.A.

ÍBÚÐ FYRIR 1 MILLJÓN OG 7 BÍLA

MIÐAR ER KUNNA AÐ LOSNA VERÐA SELDIR EFTIR HÁDEGI DRÁTTARDAG

NÚ MÁ ENGINN GLEYMA AÐ ENDURNÝJA

DAS DAS DAS

ÍSLENZKUR VERKALÝÐUR

gleymir aldrei þessari setningu:

**Fram þjáðir menn í þúsund löndum**

Með baráttukveðju.

**Kvenfélag sósíalista.**

# Sigldi brott með löggæzlumennina!

Framhald af 1. síðu.
hafður á við gæzlu landhelgisbrjóta en láta tvo lögregluþjóna vera á vakt í brú togarans þar sem þeir eru einskis megnugir til að mæta slíkri uppreisn. Þjóðviljinn átti í gær tal við reyndan vélstjóra á togara og sagði hann ekkert vera auðveldara en gera vélar skipsins eða stjórntæki óvirk án þess nokkrar skemmdir hlytust af.

Í öðru lagi kom í ljós við eftirgrennslan Þjóðviljans í gær að óljóst er með öllu hvaða aðili í kerfi réttvísinnar eða löggæzlu ber ábyrgð á gæzlu togarans þar til dómur fellur. Gísli Einarsson lögfræðingur hjá Landhelgisgæzlunni sagði að hún bæri enga ábyrgð á togaranum eftir að hann hefði verið færður í höfn. Hafnsögumenn sögðu það alltítt að togarar sigldu burt úr höfninni án þeirra vitundar. Saksóknari ríkisins sagði að svona hefði löggæzlu ávallt verið háttað. Mætti segja að þetta væri andvaraleysi, en hann væri alls ekki tilbúinn að svara því hver bæri ábyrgð á löggæzlunni. Ármann Kristinsson sakadómari sagði að gæzla togarans heyrði ekki undir Sakadóm Reykjavíkur þar sem mál skipstjórans er tekið fyrir. Loks hafði Þjóðviljinn samband við dómsmálaráðuneytið en fékk þar heldur ekki nein skýr svör um hver bæri ábyrgð á gæzlu togarans.

Þá er þeirri spurningu einnig ósvarað hvað æðstu stjórnvöld landsins gera í þessu máli. Verður því enn tekið með þögn og þolinmæði að brezkir landhelgisbrjótar geri uppreisn gegn íslenzkri lögsögu? Eða er þessi atburður rétt ein áminning frá Bretum um að við séum einskis megnugir að verja íslenzku landhelgina, einsog kom í ljós er þeir beittu herskipum sínum gegn okkur, og íslenzka ríkisstjórnin viðurkenndi síðar með undanlátssamningnum.

# Góð aðsókn að sýningu Ásgerðar Búadóttur

Sýning Ásgerðar Búadóttur í Unuhúsi við Veghúsastíg, á listvefnaði hefur nú verið opin í rúma viku og aðsókn hefur verið ágæt. Verður sýningin opin í dag, sunnudag og á morgun kl. 2—10 og síðan til 7. maí sem hér segir: Á þriðjudag, miðvikudag og fimmtudag á verzlunartíma og á föstudag, laugardag og sunnudag kl. 2—10. Ásgerður sýnir þar 11 ofin teppi sem mestmegnis eru unnin úr íslenzkri ull.

# Kynning á verk um Davíðs í Kópavogsbíói

Leikfélag Kópavogs efnir til bókmenntakynningar í Kópavogsbíói n.k. þriðjudagskvöld, 2. maí, kl. 9. Kynnt verða verk Davíðs Stefánssonar skálds fra Fagraskógi.

Kristján Eldjárn þjóðminjavörður talar um skáldið og verk hans, Ingveldur Hjaltested syngur lög við ljóð eftir Davíð og lesið verður úr verkum skáldsins.

Þetta er fimmta bókmenntakynningin, sem Leikfélag Kópavogs gengst fyrir. Áður hafa verið kynnt verk Matthíasar Jochumssonar, Einars Benediktssonar, Jóhanns Sigurjónssonar og Jónasar Hallgrímssonar.

# Framboðsreglur

Framhald af 16. síðu.
bornir, og hverjum utan flokka (119. gr.) og það er hún, sem er ábyrg fyrir því að gæta samræmis í öllum kjördæmum landsins varðandi lista hvers flokks fyrir sig (40. gr.). Þessi mál mundi landskjörstjórn ekki taka til úrskurðar fyrr en framboðsfrestur væri liðinn.

Landskjörstjórn hefur áður þurft að úrskurða um þessi atriði á grundvelli gildandi lagaákvæða og eru úrskurðir hennar í fullu samræmi við þau sjónarmið, sem fram hafa verið sett hér að framan.

LANDSBANKI ÍSLANDS

**Reykjavík - Austurstræti 11 - Sími 17780.**
**Útibú í Reykjavík:**

Austurbæjarútibú, Laugav. 77 Sími 21300
Langholtsútibú, Langholtsv. 43 Sími 38090
Vegamótaútibú, Laugavegi 15 Sími 12258
Vesturbæjarútibú, Háskólabíói við Hagatorg Sími 11624

**Útibú úti á landi:**
AKRANESI, HVOLSVELLI, AKUREYRI, ÍSAFIRÐI, ESKIFIRÐI, SANDGERÐI, GRINDAVÍK, SELFOSSI, HÚSAVÍK

**Afgreiðslur:**
KEFLAVÍK, ÞORLÁKSHÖFN RAUFARHÖFN.

**Annast öll bankaviðskipti innanlands og utan.**

TRABANT EIGENDUR



**Viðgerðaverkstæði.**
**Smurstöð.**
Yfirförum bílinn fyrir vorið.

**FRIÐRIK ÓLAFSSON,** vélaverkstæði.
Dugguvogi 7. — Sími 30154.

HAPPDRÆTTI SÍBS

SÍBS

Dregið á föstudag

ENDURNÝJUN LÝKUR Á HÁDEGI DRÁTTARDAGS

*Aladdin*



HELDUR HEITU OG KÖLDU ÚTI OG INNI